

# Aðalfundur 2014

~ 4.febrúar ~



**Fundargerð**

Aðalfundur settur kl.19:30 í fundarsal á annari hæð Íþróttakademiunnar í Reykjanesbæ.

**Mættir:**

*Steinþór Agnarsson, Guðni V. Sveinsson, Magnús Kristinsson, Sverrir Gunnlaugsson, Gunnar M. Magnússon, Guðni Sigurjónsson, Ágúst H. Borgþórsson, Albert Guidice, Lúðvík Sigurðsson, Guðjón Hauksson, Guðmundur Á. Sigurðsson, Guðmar Marelsson, Pétur Hjálmarsson, Árni Finnbogason, Stefán Magnússon, Einar P. Einarsson, Bjarni V. Einarsson og Örn Ingólfsson(gestur) .*

Magnús formaður setti fundinn og því næst var Sverrir kosinn fundarstjóri. Magnús formaður flutti skýrslu stjórnar og Sverrir gjaldkeri kynnti reikninga félagsins sem voru samþykktir samhljóða eftir nokkrar fyrirspurnir. Stjórn lagði til óbreytt félagsgjald, rætt var um eldri borgaragjald en ekki talið tilefni að svo stöddu, óbreytt félagsgjöld samþykkt. Magnús Kristinsson bauð sig fram til áframhaldandi formannssetu og var það samþykkt einróma. Gunnar M. Magnússon bauð sig áfram fram sem meðstjórnandi og Ágúst H. Borgþórsson bauð sig fram í nýtt embætti meðstjórnanda og voru þeir báðir kosnir einróma.

Undir liðnum önnur mál var rætt um hreiðursmál og framtíð þess. Alivinafélagið var kynnt en búið er að bjóða Ali í heimsókn í sumar og mun hann verða með okkur helgina sem stórskalaflugkoman fer fram á Tungubökkum eða þann 16.-17.ágúst nk. Fundargestir ákváðu að styrkja málefnið með frjálsum fjárframlögum og má án efa búast við miklu fjöri í ágúst!

Aðalfundi slitið kl.19:55.

Eftir að hafa gætt sér á bátum frá Subway var 2013 vídeóannáll FMS frumsýndur og skemmtu viðstaddir sér yfir honum næstu klukkutímana!

**Sverrir Gunnlaugsson**